

2. fundur Undirbúningsstjórnar vegna sameiningar sveitarfélaganna Djúpavogshrepps, Fljótsdalshéraðs, Seyðisfjarðarkaupstaðar og Borgarfjarðarhrepps, haldinn mánudaginn 9. desember 2019. Ráðhúsinu Egilsstöðum og í fjarfundakerfinu Zoom.

Fundurinn hófst kl. 15:00.

Á fundinn eru mættir: Björn Ingimarsson formaður, Kristjana Sigurðardóttir, Anna Alexandersdóttir, Jón Þórðarson, Jakob Sigurðsson, Helgi Hlynur Ásgrímsson, Hildur Þórisdóttir, Vilhjálmur Jónsson og Aðalheiður Borgþórsdóttir og Elvar Snær Kristjánsson.

Í fjarfundakerfi: Gauti Jóhannesson, Bergþóra Birgisdóttir, Þorbjörg Sandholt og Stefán Bogi Sveinsson. Róbert Ragnarsson, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt með minniháttar breytingum.

2. Samþykkt um stjórn og fundarsköp

Jón Jónsson lögmaður á Sókn lögmannsstofu kom til fundarins til að ræða einstök atriði í tillögu að Samþykkt um stjórn og fundarsköp hins sameinaða sveitarfélags. Sérstaklega var fjallað um uppbyggingu nefnda, heimastjórnir og valdframsal.

Eftir miklar umræður var ákveðið að stjórnarfolk sendi verkefnisstjóra ábendingar sínar og hugmyndir, jafnframt var framkvæmdahópi falið að vinna í samþykktunum fyrir fund undirbúningsstjórnar sem fram fer 13. janúar næstkomandi.

Jón vék af fundi.

3. Verkefnisáætlun

Formaður og verkefnisstjóri gerðu grein fyrir fundi þeirra með ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um fjármögnun þessa hluta verkefnisins. Svar hefur ekki borist.

Farið var yfir helstu verkefni framundan, tímalínu verkefnisins og gerðar breytingar.

Ákveðið var að stjórnskipulag verkefnisins byggi á sambærilegu fyrirkomulagi og í sveitarstjórnnum. Undirbúningsstjórn er stjórn verkefnisins og ber ábyrgð á framgangi þess. Undirbúningsstjórn hittist mánaðarlega á verkefnistímanum. Undirbúningsstjórn hafi framkvæmdahóp sér til stuðnings sem vinni verkefni milli funda. Í framkvæmdahópi sitji sveitar- og bæjarstjórar ásamt verkefnisstjóra. Þá verði valdir starfshópar sem undirbúi einstök verkefni fyrir nýtt sveitarfélag.

Rætt var um verklag við val á nafni. Á fundi bæjarstjórnar Fljótsdalshéraðs, miðvikudaginn 20. nóvember 2019, var eftirfarandi tillögu ungmennaráðs vísað til undirbúningsstjórnar.

Ungmennaráð Fljótsdalshéraðs leggur til að sveitarfélögin Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Fljótsdalshérað og Seyðisfjarðarkaupstaður efni til samkeppni á meðal íbúa um nafn á nýtt, sameinað sveitarfélag og nýti til þess vettvang líkt og Betra Fljótsdalshérað.

Umræðu frestað til næsta fundar.

4. Starfshópar

Verkefnisstjóri kynnti tillögu að skipulagi og verkefnum starfshópa. Hlutverk starfshópa er að kortleggja þær samþykktir, reglur og gjaldskrár sem gilda á málavíði þeirra og gera tillögu að samræmingu þeirra eða endurskoðun. Starfshópar hafa samráð við aðila á viðkomandi málavíði, bæði til að afla nauðsynlegra upplýsinga og miðla upplýsingum um verkefnið.

Mikilvægt er að hafa í huga að hlutverk starfshópa afmarkast við að undirbúning og innleiðingu nýs sveitarfélags á verkefnistíma til vors 2020. Verkefni eru að mestu leyti af hagnýtum toga við að yfirfara og ræða verklag og ferla. Stefnumótun og ákvarðanir sem geta skuldbundið nýtt sveitarfélag þurfa að bíða þar til sveitarfélagið hefur tekið til starfa. Ákveðið að Framkvæmdahópur útfæri nánar og velji fulltrúa í hópana.

Önnur mál

a) Jafnlaunavottun

Ákveðið að upplýsa Jafnréttisstofu um að sameining sveitarfélaganna sé í vinnslu og að Fljótsdalshérað hafi lokið jafnlaunavottun sem verði nýtt sem fyrirmynd fyrir sameinað sveitarfélag á árinu 2020.

b) Samningur við RR ráðgjöf um verkefnisstjórn

Tillaga að samningi var lögð fram. Tillagan var samþykkt og formanni falið að undirrita.

c) Jólakveðja í Austurgluggann

Lögð var fram tillaga um að sveitarfélögin sendi sameiginlega jólakveðju í Austurgluggann. Hönnun var kynnt. Samþykkt.

d) Bóndavarðan

Umræða um hvort nýja sveitarfélagið ætti að gefa út blað, sambærilegt við Bóndavörðuna á Djúpavogi. Ákveðið að nýta Austurgluggann til upplýsingamiðlunar um sameiningarverkefnið í vor.

e) Samræma gjalddaga fasteignagjalda

Framkvæmdahópi og fjármálastjórum falið að samræma gjalddaga á árinu 2020.

f) Vinnu við að taka saman reglur, samþykktir og gjaldskrár

Verkefnisstjóra falið að taka saman í eitt skjal gildandi reglur, samþykktir og gjaldskrár sem starfshópar hafa aðgang að í sinni vinnu.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 17:00